



Kópavogsbær

Fléttan – farsæld barna í Kópavogi

Innleiðing nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hjá Kópavogsbæ

Kynning í ráðum og nefndum

Desember 2023



Yfirlit

- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Hagræn og fjárhagsleg áhrif
- Samstarf mennta- og velferðarsviðs
- Innleiðing samþættingar þjónustu í Kópavogi



Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna



Forsaga og aðdragandi lagasetningar

- Ný löggjöf um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er afrakstur víðtæks samráðs í málefnum barna og fjölskyldna á Íslandi.
- Lögin samþykkt á Alþingi í júní 2021 og tóku gildi 1. janúar 2022.
- Gert er ráð fyrir fimm ára innleiðingarferli.




Lög um samþættingu þjónustu þágu farsældar barna

- Ný lög sem ná yfir alla þjónustu sem börnum stendur til boða frá fæðingu og að 18 ára aldri hvort sem það er innan mennta-, heilbrigðis- eða velferðarkerfis.
- Þjónustunni hefur verið stigskipt í 1. 2. og 3. stigs þjónustu.
- Þjónustan kallast nú farsældarþjónusta.
- Farsæld... að farnast vel í lífinu.



Stigskipting þjónustu í þágu farsældar barna






Hvað er samþætting þjónustu?

- Með lögunum fylgja ekki ný úrræði heldur fjalla þau um hvernig ólíkir þjónustuaðilar sem koma að börnum og fjölskyldum eiga að vinna saman.
- Samþætt þjónustu á að vera heildstæð og skipulögð á markvissan og samfelldan hátt þannig að tryggt sé að hún sé veitt af þeim sem best eru til þess fallnir.
- Það á að skipuleggja samþætta þjónustu þannig að ekki verði rof í þjónustunni svo sem vegna aldurs barns eða annarra breytinga.

Markmið laga um samþættingu þjónustu

- Að samstarf í kringum börn og fjölskyldur sé í skýrum farvegi og tryggt að barnið sé hjartað í kerfinu.
- Öll börn og foreldrar sem á þurfa að halda eiga að hafa aðgengi að samþættri þjónustu við hæfi.
 - Þetta eigum við að tryggja meðal annars með nýjum hlutverkum tengiliða og málstjóra.







Skyldur þjónustuveitenda

- Viðbragsskylda - þjónustuveitandi þarf að skoða til hvaða úrræða hann getur gripið til hjá sér áður en hann vísar barni og fjölskyldu eitthvað annað.
- Það getur enginn þjónustuaðili lengur sagt „þetta kemur mér eða minni stofnun ekki við“.
- Lögunum fylgja ekki ný úrræði en við þurfum að þróa þjónustuna þannig að hún mæti þörfum barna og fjölskyldna svo að markmið um snemmtækan og samfelldan stuðning náist.



Hvenær samþætting þjónustu?

- Ekki öll börn eru í þörf fyrir samþættingu þjónustu.
- Þegar þörf er á að einstaklingsmiða þjónustu að aðstæðum barns eða leita lausna hjá mismunandi þjónustuveitendum getur verið gott að samþætta þjónustuna.
- Þá þurfa fjölskyldur ekki að leita á marga staði eftir réttum stuðningi heldur er það tengiliður eða eftir atvikum málstjóri sem aðstoðar við að finna rétta farveginn.
- Þörf fyrir samþættingu þjónustu getur verið tímabundin eða til lengri tíma.



Tengiliðir í nærumhverfi

- Starfa í heilsugæslu, leikskólum, grunnskólum, menntaskólum og á velferðarsviði.
- Veita upplýsingar og taka á móti beiðnum.
- Sjá til þess að gert sé frummat á þörfum.
- Veita ráðgjöf um þjónustu og tengja fjölskyldu við þá þjónustuaðila sem geta veitt viðeigandi stuðning.
- Skipuleggja og leiða samþættingu þjónustu á 1. stigi.



Málstjórar á velferðarsviði

- Starfa í barna- og fjölskylduteymi velferðarsviðs og meðferðarteymi barnaverndarþjónustu.
- Tryggja að gert sé frekara mat á þörfum ef á þarf að halda.
- Sjá til þess að stuðningsteymi sé stofnað.
- Veita stuðningsteymi ráðgjöf og stuðning.
- Stuðningsáætlun
 - Hlutverk, markmið, fyrirkomulag, gildistími, endurmat.



Réttindi barna og foreldra og meðferð persónuupplýsinga

- Öll þjónusta í þágu barna skal fara fram samkvæmt því sem barni er fyrir bestu.
- Bera skal virðingu fyrir rétti foreldra við ákvarðanatöku um uppeldi barna sinna og sjálfstæðs réttar barna um að tekið sé tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.
- Þjónustuveitendur skulu stuðla að markvissu samstarfi við foreldra og börn sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti.
- Ekki er heimilt að vinna með persónuupplýsingar á grundvelli laganna nema að það liggi fyrir beiðni frá foreldrum um vinnslu eða samþættingu þjónustunnar.



Með undirritun beiðni er vinnsla persónuupplýsinga heimiluð.

Aðeins á að vinna með upplýsingar sem skipta máli svo tilgangi samþættingar þjónustunnar sé náð.

Allir þjónustuveitendur eru bundnir þagnaskyldu samkvæmt lögum.

Skylda að flytja upplýsingar milli tengiliða og málstjóra ef barn flytur milli skólastiga eða sveitarfélaga.

Hvenær sem er má draga beiðni um samþættingu þjónustu til baka.



Hagræn og fjárhagsleg áhrif



Aðferðafræðin við mat á fjárhagslegum áhrifum

- Félagsmálaráðuneytið lét gera mat á fjárhagslegum áhrifum lagabreytinganna til að áætla heildaráhrif þeirra á ríki og sveitarfélög að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings til lengri tíma.
- Greina frávik frá farsæld barna og fjárhagslegar afleiðingar þess.
- Auk skertra lífsgæða valda þessi frávik kostnaði bæði fyrir hið opinbera og samfélagið í heild.



Mat á fjárhagslegum áhrifum

- Áföll í barnæsku er ein algengasta aðferðarfræðin til að meta farsæld barna bæði á barnsaldri og fullorðinsárum skv. erlendum rannsóknum.
- Leitast var við að svara þrem spurningum:
 - 1.Hver er fjárhagslegur kostnaður vegna frávika frá farsæld í dag?
 - 2.Hvaða ávinning munu lagabreytingarnar hafa í formi minnkunar á þessum kostnaði?
 - 3.Hvað kostar að innleiða breytingarnar á þann hátt að þær skili tilætluðum árangri?



Fækkun áfalla og aukin seigla

- Öflug og samþætt farsældarþjónusta byggir á vöktun, skjótum og skilvirkum viðbrögðum og samfelldri þjónustu.
- Auknar forvarnir og snemmtækur stuðningur skal veittur með það að markmiði að koma í veg fyrir sem flest áföll og skjót og skilvirk viðbrögð miðað því að draga úr fleiri áföllum.
- Samfellda og samþætta þjónustu skal veita til að auka seiglu barna við að takast á við áföll.




Mat á hagrænum og fjárhagslegum áhrifum

- Það mun taka nokkur ár fyrir ávinning lagabreytinganna að raungerast.
- Afkoma hins opinbera eykst ef sparnaður vegna fækkunar frávika frá farsæld vegur þyngra en útgjaldaaukning vegna bættrar þjónustu.
- Fyrstu árin er kostnaður við innleiðingu laganna hærri en ávinningur og hefur sá kostnaður verið fjármagnaður að hluta.
- Til lengri tíma vegur ávinningurinn þó mun þyngra, ekki síst þegar sú kynslóð sem fær þjónustu samkvæmt lögnum frá fæðingu fer á vinnumarkað.
- Heildarniðurstaða matsins ráðuneytisins er því að samþætting þjónustu í þágu farsældar barna sé arðbær langtímafjárfesting sem bætir afkomu hins opinbera til framtíðar litið.



Breytingarnar flokkast með arðbærari verkefnum sem hið opinbera hefur ráðist í að mati stjórnvalda

Samanburður á raunávöxtun¹



Sambætting farsældarþjónustu væri með arðbærari verkefnum sem hið opinbera getur ráðist í

Ef tekið væri tillit til **aukinnar framleiðni** þeirra barna sem eiga betra líf vegna frumvarpsins **væri arðsemin hærri**

Þá eru **engin raskandi umhverfis-áhrif** til staðar sem vega þarf á móti arðsemi líkt og í verkefnum um innviðauppbýggingu

¹ Vaxtakjör ríkissjóðs miðað við niðurstöður skuldabréfaútbóðs í evrum þann 27. maí 2020 þar sem vaxtakjör voru 90 punktar ofan á millibankavexti. Ávöxtun lífeyrissjóða er sú raunávöxtun sem stjórnvöld telja líklegast að lífeyrissjóðirnir nái um langa framtíð. Arðsemi Sundabrautar byggir á arðsemismati sem samgönguráðherra lagði fram sem svar við fyrirspurn á Alþingi þann 21. janúar 2003. Arðsemi Kárahnjúkavirkjunar byggir á skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um Kárahnjúkavirkjun og orkusölu til Fjarðaáls sem flutt var á Alþingi 12. október 2006. Arðsemi Keflavíkurflugvallar byggir á ~~ávöxtun~~ eigin fiár ISAVIA á árunum 2010-2019.



Fjármagn

- Ríkið veitir fjárframlög til að mæta umframkostnaði við innleiðingu laganna.
 - Kostnaðurinn liggur fyrst og fremst í ákvæðum laganna um tengiliði og málstjóra.
- Framlaginu er ekki ætlað að mæta kostnaði við úrræði sem sveitarfélögin starfrækja nú þegar á grundvelli annarra laga.
 - S.s. Stuðning í leik- og grunnskólum, í félagsþjónustu, barnavernd o.s.fv.
- Árlegur raunkostnaður sveitarfélaga vegna verkefnisins verður síðan metinn.



Nýting fjármagns í Kópavogi

- Framlag til Kópavogsbæjar 110.556.313 kr. á ári 2022-2024.
 - Um 60% rennur til styrkingar menntasvið og 40 % til styrkingar velferðarsviðs.
- Hjá Kópavogsbæ hefur fjárframlag verið nýtt til að styrkja hlutverk tengiliða í leik- og grunnskólum, ráða inn málstjóra á velferðarsvið og í verkefnastjórn innleiðingar.
- Ýmis sameiginleg verkefni sviðanna fylgja innleiðingu s.s. rafrænt beiðnakerfi, fræðsla, kynningarefni, farsældarsíða o.fl.



Samstarf mennta- og velferðarsviðs



Samstarf mennta- og velferðarsviðs

- Stýrihópur skipaður í mars 2018 með það að markmiði að:
 - Auka samvinnu á milli sviða og veita heildstæðari og betri þjónustu til íbúa.
 - Efla stuðning við starfsfólk stofnanna meðal annars með bætту verklagi og skýrari verkaskiptingu á milli sviða.
 - Rúmlega 20 verkefni skilgreind og skipaðir vinnuhópar til að útfæra þau nánar.
 - Þátttaka stjórnenda og starfsmanna úti á vettvangi var tryggð.



Afrakstur verkefna og vinnuhópa

- Allir vinnuhóparnir sem skipaðir voru í upphafi samstarfs hafa lokið störfum.
- Afrakstur vinnuhópa eru m.a. vinnulýsingar um samstarf í mismunandi málaflokkum og í sumum tilvikum tillögur að breyttum vinnubrögðum eða áframhaldandi samstarfi.
- Verið er að setja allar nýjar vinnulýsingar inn í gæðakerfi Kópavogs CCQ.



Fléttan samstarf mennta- og velferðarsviðs

- Stýrihópnum fannst vanta nafn á samstarf sviðanna og „Fléttan” varð fyrir valinu þar sem starfsemi sviðanna fléttast saman á marga vegu.
- Öll þjónusta við börn og fjölskyldur á mennta- og velferðarsviði er nú farsældarþjónusta og því tölum við um Fléttuna – farsæld barna.



Innleiðing samþættingar þjónustu í Kópavogi



Fléttan – farsæld barna og innleiðing laganna

- Kópavogsbær hefur stigið góð skref í átt til aukins snemmtæks stuðnings og meiri samfelli í þjónustu við börn og fjölskyldur.
- Innleiðing nýrra laga krefst mikilla kerfisbreytinga á landsvísu og er stærsta samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs Kópavogs hingað til.
- Innleiðingarteymi sviðanna hefur verið starfandi hjá Kópavogsbæ frá því að lögin tóku gildi sem hefur skilgreint og stýrt vinnu við þau verkefni sem ráðast þarf í svo innleiðing nýrra laga heppnist.



Innleiðingarteymi samþættingar þjónustu í Kópavogi

- Innleiðingarteymið starfar í umboði sviðsstjóra mennta- og velferðarsviðs en í samstarfi við stýrihóp Fléttunnar - farsældar barna.
 - Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir asdisgu@kopavogur.is verkefnastjóri á menntasviði.
 - Ingunn Mjöll Birgisdóttir ingunn.mjoll@kopavogur.is verkefnastjóri á menntasviði.
 - Jóhanna Lilja Ólafsdóttir johannalilja@kopavogur.is fyrir velferðarsvið.
 - Sólveig Norðfjörð solnord@kopavogur.is verkefnastjóri á menntasviði



Innleiðing samþættingar þjónustu í Kópavogi

- Þar sem lögin hafa þegar tekið gildi eiga sveitarfélög að fara af stað og bjóða uppá samþætta þjónustu og starfa í anda laganna á innleiðingartímanum.
- Þetta er ekki verkefni sem kemur fullmótað heldur verðum við að móta verklagið jafnóðum í samstarfi við þau sem veita börnum þjónustu í Kópavogi, önnur sveitarfélög og Barna- og fjölskyldustofu (BOFS).
- Við munum rekast á áskoranir en þær munu hjálpa okkur að móta betra verklag og færa okkur nær því kerfi sem við viljum byggja upp í Kópavogi.



Tengiliðir og málstjórar

- Leik- og grunnskólar hafa skilgreint tengiliði og gengið hefur frá ráðningu nýrra málstjóra sem staðsettir eru á velferðarsviði.
- Ráðgjafi tengiliða í leikskólum hefur verið ráðinn inn til að styðja leikskólana við samþættingu á 1. stigi og samningur gerður við fyrrum verkefnastjóra skólaþjónustu um áframhaldandi þátttöku í innleiðingarteymi.
- Mannabreytingar eru í hópi málstjóra á haustmánuðum 2023 hafa valdið manneklu á velferðarsviði en fullmannað ætti að verða í janúar 2024.



Mótun verklags

- Mikill undirbúningur hefur átt sér stað og mörg verkefni eru langt komin eða lokið.
- Drög að vinnulýsingu, eyðublöðum og sniðmátum liggja fyrir.
- Rafræn beiðni um samþættingu þjónustu er komin í loftið.
- Á næstu mánuðum er síðan áætlað að efla samstarf við heilsugæslustöðvar í Kópavogi og menntaskólann og þróa verklag í kringum samstarfið.



Sambætting hafin

- 2. útgáfa fræðsluefnis til að kynna sambættingu þjónustu fyrir foreldrum og forráðamönnum er tilbúin á myndbandsformi.
- Búið að setja inn sniðmát að frummati tengiliða, fundargerðum og stuðningsáætlunum inn í málakerfi bæjarins þar sem það er aðgengilegt tengiliðum og málstjórum.
- Formleg sambætting í málum barna farin af stað hjá um 200 börnum í leik- og grunnskólum.



Sameiginleg sýn og fræðsla

- Á árinu 2022 fór fram öflugt samráð og fræðsla meðal stjórnenda og starfsmanna innan stjórnsýslu mennta- og velferðarsviðs um lögin og breytinga sem felast í löggjöfinni. Mikilvægt þótti að tryggja sameiginlega sýn þessara aðila áður en farið væri út í stofnanir bæjarins.
- Á árinu 2023 hefur farið af stað mikil fræðsla meðal tengiliða, málstjóra, stjórnendateyma leik- og grunnskóla og fleiri hópa starfsfólks.



Sameiginleg sýn og fræðsla

- Verkefnin næstu mánaða er að tryggja fræðslu til allra sem starfa með börnum í Kópavogsbæ um markmið laganna og sitt hlutverk gagnvart þeim.
- Nú hefur verið farið inn með slíka fræðslu í meirihluta leik- og grunnskóla og til félagsmiðstöðva.
- Framundan er fræðsla meðal dagforeldra, skólahljómsveitar, tónlistarskóla, íþróttafélaga og annarra sem starfa með börnum.
- Í kjölfarið verður skipulögð fjölbreytt fræðsla til barna, forráðamanna og annarra íbúa bæjarins.



Stuðningur við tengiliði og málstjóra

- Sameiginlegt svæði á Teams með hagnýtu efni.
- Mánaðarlegir samráðsfundir.
- Rafrænar kynningar og vinnusmiðjur um gerð frummats, fundargerða og stuðningsáætlana.
- Námskeið um rafræna beiðnakerfið (One Systems) og hvernig nýta má það til halda utan um mál í samþættingu.
- Heimsóknir í leik- og grunnskóla og staðbundin aðstoð.
- Eftirfylgd með stöðu beiðna og viðeigandi stuðningur.
- Ráðgjöf í gegnum síma og tölvupóst.



Aðgengi að upplýsingum

- Auka þarf aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem Kópavogur veitir börnum- og fjölskyldum og um samþættingu þjónustunnar.
- Búið að skipa vinnuhóp til að móta nýja farsældarsíðu á heimasíðu Kópavogsbæjar sem mun nýtast bæði íbúum bæjarins og starfsfólki við að nálgast upplýsingar.

